

CHS Á EINFALDRI ÍSLENSKU

Þessi einfalda útgáfa af níu CHS viðmiðum var þróuð og unnin af vinnuhóp með hjálp sérfræðinga *Translators without border*. Hér að neðan má lesa á aðgengilegan hátt hvað felst í fagviðmiðum sem félagið hefur tileinkað sér í starfi sínu.

Upprunalegi tilgangur þessa skjals er að setja fram yfirlýsingu um viðmið félaga í mannúðargeiranum á einfaldan og skýran hátt sem skilst hjá samfélögum og fólki sem á þjónustu þarf að halda.

Hverju máttu búast við af félaginu þegar þú þiggur þjónustu?

Við heitum því að starfa eftir níu almennum viðmiðum þegar við vinnum með samfélögum og bregðumst við neyðarástandi. Hér er að finna útskýringu á þeim viðmiðum á einföldu máli, svo þú vitir hverju þú átt von á.

Neyðarástandi fylgja einnig áskoranir fyrir okkur. Þrátt fyrir að við reynum ávallt að fylgja viðmiðunum gætu komið upp aðstæður þar sem það er ekki hægt. En við viljum læra og bæta okkur og þú getur hjálpað okkur að gera einmitt það með því að koma með athugasemdir og ábendingar.

Við munum gera okkar besta til þess að:

1. skilja þarfir þínar og mæta þér þar sem þú ert.
2. veita þér stuðning þegar þú þarft á honum að halda.
3. veita þér stuðning sem gerir þér kleift að ná þér á strik og bregðast við álíka neyðaraðstæðum í framtíðinni. Þjónusta okkar ætti ekki að valda þér skaða.
4. upplýsa þig um stuðninginn sem við bjóðum upp á og hvernig viðmóti þú átt að mæta. Við munum gera okkar besta til að þú fái að segja þína skoðun um þjónustuna sem þér stendur til boða.
5. tryggja að þú getir tilkynnt vandamál ef þú ert ósátt/ur með þjónustuna sem þú hefur fengið eða viðmót af hálfu starfsfólks eða sjálfboðaliða. Þú átt ekki að verða fyrir skaða þó þú leggir inn kvörtun. Við munum grípa til aðgerða til að bregðast við kvörtunum.
6. vinna með öðrum stofnunum sem sinna sömu þjónustu. Við reynum að samnýta krafta okkar, þekkingu og bjargir til þess að mæta þörfum þínum.
7. læra af reynslunni svo að við getum bætt þjónustu okkar í þinn garð.
8. tryggja að fólkið sem starfar hjá okkur hafi hæfnina og reynsluna til að styðja við þig.
9. stýra björgum okkar á skynsamlegan hátt og lágmarka sóun á björgum sem við notum til að styðja við fólk í hamförum.

Athugið: „bjargir“ vísa í alla hluti, efnislega, fjárhagslega, búnað og annað sem við notum til þess að styðja við fólk er á þjónustu þarf að halda.